



Alþingi
Erindi nr. P 132/1378
komudagur 20.3.2006

Allsherjarnefnd Alþingis
Elín Valdís Þorsteinsdóttir nefndarritari
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 10. mars 2006
Tilvísun: HI06020090/004

Vísað er til bréfs allsherjarnefndar Alþingis, dags. 23. febrúar s.l. þar sem Háskóla Íslands er gefinn kostur á að veita umsögn sína um frumvarp til lögreglulaga og framkvæmdavald ríkisins í héraði, 520. mál 132. löggjafarþings. Í frumvarpinu eru m.a. gerð tillaga um breytingu á menntunar- og starfsreynslukröfum til þeirra sem gegna embætti aðstoðarlögreglustjóra, og er það væntanlega það atriði sem umsagnar Háskólans er leitað um.

Í skýringum sem fylgja tillögunni kemur fram að með henni sé ekki ætlunin að draga úr viðurkenningu á mikilvægi og þýðingu lögfræðimenntunar í grunn- og framhaldsnámi á háskólastigi. Má ráða af orðum greinargerðarinnar að hér sé fremur um það að ræða, að þegar þessi störf eiga í hlut sé eðlilegt að meta megi fjölbreyttari undirbúningsmenntun, enda sé það gert með heildstæðum hætti og að teknu tilliti til þeirra meginstarfsskyldna sem starfið felur í sér hverju sinni.

Háskólinn gerir ekki athugasemdir við að þessi breyting kunni að vera þörf og eðlileg, en leyfir sér að áréttu mikilvægi þess að inntak lögbundinna starfsgengisskilyrða sé orðað með skýrum hætti. Á það er minnt að Háskólinn hefur jafnan þegar álits hans er leitað varðandi löggilt starfsheiti í greinum sem kenndar eru við skólann, bent á að nauðsynlegt sé að almennt samræmi ríki í því hvernig starfsréttindi tengjast prófgráðum á háskólastigi.

Virðingarfyllt

Kristín Ingólfssdóttir
háskólarektor